



Upplýsingar til fjölmiðla  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## FRÁ FORSETA ÍSLANDS

Í gær átti ég fundi með forystufólki þeirra stjórnmalaflokka, sem eiga fulltrúa á Alþingi, þar sem ræddir voru helstu kostir í stöðunni í kjölfar nýafstaðinna kosninga. Í ljósi þess sem fram kom í þeim viðræðum, og á grundvelli kosningaúrslita, boðaði ég formann Samfylkingarinnar aftur á minn fund í dag.

Eftir samtal okkar á þeim fundi hef ég falið Krístrúnu Frostadóttur umboð til stjórnarmyndunar. Krístrún hefur tjáð mér að hún hafi nú þegar átt samtöl við formenn annarra flokka sem einnig hafa upplýst mig um að þeir séu reiðubúnir til formlegra viðræðna um myndun nýrrar ríkisstjórnar með Samfylkingunni.

Ég óska fulltrúum stjórnmalaflokkanna góðs gengis í þeim viðræðum og mun fylgjast áfram með þróun mála.

*3. desember 2024*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Sif Gunnarsdóttir forsetaritari (664 8249) og Una Sighvatsdóttir, sérstakur ráðgjafi á skrifstofu forseta Íslands (895 8885).*